

Innra mat  
Skýrsla um samtöl skólastjóra við nemendahópa  
Myndlistaskólinn í Reykjavík  
Haustönn 2022

Í nóvember og desember 2022 voru haldnir átta fundir með nemendum skólans þar sem þeim gafst kostur á að ræða hvaðeina sem þeim liggur á hjarta. Fyrri lotan var um miðjan nóvember, síðari lotan var í næstsíðustu viku fyrir jól. Sambærilegur fundur verður með nemendum í myndlist í janúar en þau voru farin í frí þegar til stóð að hitta þau.

Almennt eru nemendur mjög ánægðir með skólann og námið en ýmsar athugasemdir voru þó gerðar.

Hóparnir fengu svohljóðandi póst með nokkurra daga fyrirvara:

Kæru nemendur á ...braut

Eitt af því sem við gerum hér í skólanum til að tryggja að ykkur líði sem best og að árangur af námi ykkar verði sem mestur er að ég sest niður með nemendum til að spjalla um hvaðeina sem ykkur liggur á hjarta. Ég ætla að setjast inn hjá ykkur ...braut kl. ... ..daginn...

Ég ætla mér u.þ.b. hálf tíma með hverjum hóp. Ég geri ráð fyrir að þið mætið öll sem eitt og endilega komið undirbúin til fundarins. Við reynum eftir fremsta megni að bregðast við hugmyndum nemenda að umbótum.

Þau atriði sem fram komu:

- Kaffivélin – virkar ekki
- Bílastæðamál – mætti skipuleggja stæðin í portinu betur, mála stæði. Málningin er horfin
- Vantar stundum sápu á salerni
- Vantar upplýsingar um hvað hægt er að fá lánað af tækjum í skólanum
- Hjólagrindurnar á bak við húsið hafa verið blokkeraðar af gámum.
- Vantar viftu í Esjustofu og innra rýmið á 3. hæð.
- Nemendur óska eftir að húsið verði opið til kl. 22:00. Það er mál sem er til eilífrar skoðunar.
- Stubbahúsið á bakvið hús er horfið
- Er hægt að komast í annan litaprentara en ljósritunarvélina á skrifstofunni?
- Ósk um að fá litla rusladalla fyrir óflokkanlegt sorp en það er alltaf eitthvað sem ekki á heima í formlegu sorpflokkunum.
- Tíðavörur eru mjög góðar en væri kannski hægt að halda sig við umhverfisvænni vörur.
- Margar hurðir þungar fyrir fatlað fólk. Mætti virkja hnappinn niðri við innganginn í stigahúsið.
- Ísskápurinn nær salernunum í matsalnum er bilaður.
- Þarf að tæma ísskápana reglulega
- Áslaug sendir skilaboð um að hver taki sitt, og fær svo hreingerningafólk skólans til að þrifa þá.

- Rætt um sjálfsala, kannski bara drykki. Áslaug hefur kannað málið og hennar niðurstaðan þá var að hvergi væri hægt að fá góða sjálfsala, allir meira og minna fullir af sykri og sælgæti.
- Afslættir út á nemendafélagið, hvaða búðir? Fyrst og fremst myndlistarvörur en nemendafélagið getur alveg unnið í því að fjölga kostum.
- Tiltekinn áfangi fékk athugasemdir sem yfirkennari hefur tekið við.
- Nemendur vilja síður að hópnum sé skipt í tvennt og hver og einn sé allan tímann hjá sama kennara. Vilja gjarnan fá að njóta þess að kynnast fleiri kennurum. Það sé svo ólíkt hvað kennarar sjá og segja.
- Myrakraherbergið, hafa áhuga á að nota það. Ætti að vera í lagi en þarf að hafa samráð við skrifstofu.
- Væri gott að hafa ákveði svigrúm til að vinna heima þegar það er hægt.
- Rakatæki væri til bóta í tiltekinni stofu
- Kvartað undan því að kennsla í ljósmyndun fari stundum að hluta fram í matsal. Ekki gott að það gerist í hádeginu.
- Mikil ánægja með að fá að móta módel.
- Vantar sjálfbærniþókus í námið. T.d. var notaður mjög mikill pappír í módelteikningu, vandaður pappír sem oft var svo bara hent.
- Myndu vilja kynnast skólanum betur, kannski hægt að fara í heimsóknir.
- Væru til í að fá skúffur á hjólum undir dótið sitt. Hafa hugsað um alla hjólabakkana sem voru notaðir í bólusetningum í kófinu
- Bekkir við vefstólana mjög harðir, væri gott að fá sessur (7 stólar)
- Glugginn í einni stofu er mjög óþéttur. Blæs inn um hann.
- Finnst mjög skemmtilegt að fá gestakennara frá útlöndum.
- Ánægð með að geta keypt helstu áhöld á skrifstofunni. Blackwing matte blýantarnir frábæru eru búnir hjá skólanum, fást bara í netverslun Bókabúðarinnar á Flateyri.
- Vantar kúst og fægiskúffu í eina stofu.
- Óska eftir að fá að koma með lítinn kæli til þess að kæla drykki
- Frábær önn, mjög mikið og gott kennaraval.
- Spurt um opnunartíma skólans. Vilja gjarnan fá að vera meira í skólanum.
- Lásinn á hurðinni virkar ekki. Læsist aldrei.

Í framhaldi var skýrslan tekin fyrir á starfsmannafundi og verkefnum úthlutað til starfsmanna eftir eðli og umfangi. Flest umkvörtunarefni voru þess eðlis að einfalt var að bæta úr en í mjörgum tilvikum er um að ræða verkefni sem vinna þarf í samstarfi nemenda og starfsmanna. Þó náðist ekki að gera umbætur á bílastæði nema að hluta. Sett voru upp skilti þess efnis að stæðin tilheyrðu húsinu og að óviðkomand gætu átt á hættu að bílar yrðu dregnir burt en stæðamerkingar voru ekki lagaðar enda er það mál húsfélagsins sem vill síður fara í mikinn kostnað á meðan framtíðarstarfsemi í húsinu er í deiglu.

Flest annað var leyst.